Útskriftartónleikar í Háskólabíói

■ Á morgun, laugardaginn 13. apríl kl. 14.30 heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands og Tónlistarskólinn í Reykjavík útskriftartónleika í Háskólabíói. Fjórir nemendur Tónlistarskólans ljúka hluta einleikaraprófs.

Valgerður Andrésdóttir leikur píanókonsert í d-moll eftir J.S. Bach, Nína Margrét Grímsdóttir leikur píanókonsert nr. 21 K 467 í C-dúr eftir W. A. Mozart, Elísabet Waage syngur aríur úr óperum eftir C.W. Gluck, P. Marccagni og W.A. Mozart og Hulda Geirlaugsdóttir leikur píanókonsert nr. 1 í C-dúr op. 15 eftir L.v. Beethoven. Stjórnandi á tónleikunum er Páll P. Pálsson. Miðar seldir við innganginn.

Hjálpartækjasýning á Hótel Loftleiðum

Á Hótel Loftleiðum verður dagana 12.-16. apríl haldin fyrsta sýning sinnar tegundar á Íslandi, **hjálpartækjasýning.**

28. fyrirtæki og samtök kynna þar starfsemi sína. Þar verður sýnt fjölbreytt úrval hjálpartækja fyrir hreyfihamlaða, blinda, heyrnarlausa og þroskahefta. Flutt verða margs konar erindi, (erl. fyrirlestrar túlkaðir). Einnig verða kvikmynda- og myndasýningar. Skemmtanir verða á laugardag og sunnudag, m.a. hjólastóladanssýning.

Aðgangur er ókeypis að öllum atriðum.

Opnunartími er:
Föstudag 12. apríl kl. 16.00-22.00
laugardag 13. apríl kl. 14.00-22.00
sunnudag 14. apríl kl. 14.00-22.00
mánudag 15. apríl kl. 16.00-22.00
þriðjudag 16. apríl kl. 16.00-22.00.

Verndari sýningarinnar er forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir.

Kvennahúsið

Laugardaginn 13. apríl: Guðrún Jónsdóttir ræðir um að verða gamall í Reykjavík.

Sænskir rithöfundar lesa upp úr verkum sínum í Norræna húsinu

Á morgun, laugardag, lesa sænsku rithöfundarnir Kristina Lugn og Erik Beckman úr verkum sínum í Norræna húsinu. Þau hafa lesið upp saman víða í Svíþjóð. Á dagskránni er bæði laust og bundið mál.

Kristina Lugn og Erik Beckman eru vel þekktir rithöfundar í Svíþjóð og hafa gefið út fjölda bóka. Beckman er auk þess þekktur gagnrýnandi við Dagens Nyheter. Þau koma hingað til lands á vegum sænska sendiráðsins og Norræna hússins.

Dagskráin í Norræna húsinu á morgun hefst kl. 17.00 og eru allir velkomnir.



■ Einleikararnir á tónleikunum f.v.: Valgerður Andrésdóttir, Hulda Geirlaugsdóttir, Nína Margrét Grímsdóttir og Elísabet Waage.

Sunnudagsferðir F.Í.

1. kl. 10.30 á sunnudag stendur Ferðafélag Íslands fyrir **skíðaferð frá Stíflisdal um Kjöl að Fossá.** Ekið verður í Kjósarskarð og gengið þaðan að Stíflisdal, þar sem skíðagangan hefst.

2. kl. 13.00 Gengið verður **frá Reynivöllum upp Kirkjustíginn yfir Reynivallaháls að Fossá.** Þetta er gömul gönguleið.


Brottför verður frá Umferðarmiðstöðinni að austanverðu. Farmiðar seldir við bíl. Frítt er fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Harmonikusnillingur í Norræna húsinu

Árið 1985 hefur sem kunnugt er verið lýst alþjóðaár æskunnar, auk þess sem það hefur verið valið ár tónlistarinnar í Evrópu. Af þessu tilefni mun Norræna húsið gangast fyrir kynningu á ungum norrænum einleikurum í apríl, maí og júní.

Fyrstu tónleikarnir í þessari tónleikaröð verða nú á sunnudaginn 14. apríl kl. 20.30. Þá leikur norski harmonikusnillingurinn Jostein Stalheim ýmis verk bæði gömul og ný.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og verða miðar seldir við innganginn.



■ Björg Þorsteinsdóttir.

Stærsta höggmyndasýning á Íslandi

■ Myndhöggvarafélagið í Reykjavík opnar samsýningu á Kjarvalsstöðum kl. 14.00 á laugardaginn 13. apríl, og verður sýningin opin á venjulegum opnunartímum hússins.

Allir myndhöggvarar á Íslandi sem eru félagsmenn í Myndhöggvarafélaginu taka þátt í þessari samsýningu. Þetta verður stærsta höggmyndasýning, sem hefur verið haldin á Íslandi og standa verkin bæði inni og úti við Kjarvalsstaði.

Mikil vinna hefur verið að undirbúa þessa sýningu, og m.a. hefur verið gefin út mjög vönduð sýningarskrá, sem er listaverkabók, sem seld er á staðnum.



■ Eitt af verkum Ragnars Kjartanssonar, Selaskytta, sem verður á sýningunni á Kjarvalsstöðum, sem opnuð verður um þessa helgi og á að standa til 5. maí.

Fassianos í Listasafni ASÍ

■ Sunnud. 14. apríl lýkur sýningu gríska myndlistamannsins, Fassianos, í Listasafni ASÍ. Á sýningunni eru 34 grafíkmyndir, 1 gvasslitamynd og 19 teikningar, þar á meðal myndskreytingar við ljóðabók gríska nóbelsskáldsins, O. Elytis. Fassianos hefur hlotið mikla viðurkenningu fyrir list sína, en auk þess að starfa að myndlist hefur hann lagt stund á ritsmíðar og skáldskap.


Í rúma tvo áratugi hefur Fassianos starfað í hinu alþjóðlega listalífi Parísar. Sýningin er hingað komin fyrir milligöngu sænska listfræðingsins, Knut Anderssons. Flestar myndanna á sýningunni eru til sölu.

Sýningin er opin virka daga kl. 14-20 og um helgar kl. 14-22.

Vatnslitamyndir í anddyri Norræna hússins

■ Sunnudaginn 14. apríl opnar Torfi Jónsson sýningu á vatnslitamyndum í anddyri Norræna hússins. Torfi hefur haldið eina einkasýningu áður og einnig tekið þátt í samsýningum í Hamborg, Osló og London. Í tilefni af opnuninnni flytja Ingveldur Hjaltested söngkona og Jónína Gísladóttir píanóleikari norræn lög.

Söknuður.



■ Söknuður.

Sýning í Gallerí Borg

■ Þessi helgi er síðari sýningarhelgi hjá **Valgerði Hauksdóttur** í Gallerí Borg við Austurvöll, en sýningin var opnuð á skírdag.

Þetta er fyrsta einkasýning Valgerðar, en á sýningunni eru 33 verk; 17 grafík-verk og 16 myndir teiknaðar og unnar með blandaðri tækni á japanskan pappír.

Sýningin er opin virka daga frá klukkan 12.00-18.00 og frá 14.00 um helgar.

Sýningin verður opnuð kl. 14.00 en tónleikarnir hefjast kl. 15.00.

Sýningin verður opin daglega á sama tíma og Norræna húsið.

Nýlistasafnið við Vatnsstíg: Sýning Rögnu St. Ingadóttur

■ Dagana 12. til 21. apríl sýnir Ragna St. Ingadóttir í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Ragna lauk námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1979 og hélt síðan til Danmerkur, þar sem hún stundaði nám í grafík í tvö ár. Þaðan lá leiðin til Ítalíu og var hún þar við málaranám í þrjú ár. Þetta er fyrsta einkasýning Rögnu, en hún hefur tekið þátt í samsýningum hér heima og erlendis. Verkin á sýningunni eru unnin á þessu og síðasta ári.

Björg Þorsteinsdóttir sýnir collageverk í Norræna húsinu

■ Á morgun, laugardag, kl. 14.30 opnar Björg Þorsteinsdóttir sýningu á collageverkum í Norræna húsinu. Sýningin verður opin frá kl. 14-22 daglega til 28. apríl. Þetta er áttunda einkasýning Bjargar, en sú fyrsta sem hún heldur hérlendis á collageverkum eingöngu. Nýlega sýndi hún hluta þessara verka á einkasýningu í París. Myndirnar eru allar unnar á þessu og síðasta ári.

Björg hefur stundað nám bæði erlendis og hérlendis. Frá árinu 1969 hefur hún tekið þátt í um 200 samsýningum hér heima og erlendis.



■ Ragna St. Ingadóttir við eitt verka sinna.